

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2008

Ákærndafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 29. janúar sl., frumvarp til laga um nálgunarbann, 294. mál, heildarlög.

Ákærndafélagið hefur fengið afhentar athugasemdir sem Bogi Nilsson ríkissaksóknari gerði, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 2006, við drög að frumvarpi um nálgunarbann.

Samkvæmt athugasemdum Boga sem hann hefur góðfúslega heimilað Ákærndafélaginu að vísa til í umsögn sinni og fylgja hjálagt, telur hann rétt að líta til þess hvernig fyrirkomulag þessara mála er í nágrannalöndunum. Telur Bogi að það fyrirkomulaga að bera þurfi kröfu um nálgunarbann upp við dómara sem ákveði nálgunarbannið í stað þess að ákærndur taki ákvörðun um nálgunarbannið, vera til þess fallið að draga úr skilvirkni þessa úrræðis. Vekur athygli að ekki hefur verið litið til þess fyrirkomulagsins í nágrannalöndunum við samningu frumvarpsins og ástæða til að spyrja hvers vegna farin var allt önnur leið hér á landi en farin hafði verið bæði í Svíþjóð og Noregi? Í nefndum löndum er það ákærvaldið/ákærandi sem ákveður og mælir fyrir um nálgunarbann á fyrsta stigi. Í Svíþjóð er ákvörðunin lögð fyrir dómstól ef sá sem sætir nálgunarbanni eða sá sem það á að verja óskar þess. Í Noregi er ákvörðunin ávallt lögð fyrir dómstól eftir, að jafnaði innan fimm daga.

Ákærndafélagið leggur til, með vísan til framangreinds og meðfylgjandi athugasemda Boga, að gerð verði sú breytinga að ákvörðunarvald um nálgunarbann verði flutt frá dómstólum til ákærvaldsins með þeim hætti sem gert er í öðru hvoru framangreindra landa. Slík breyting er líkleg til að tryggja að umrætt úrræði nái takmarki sínu, en núverandi fyrirkomulag sem ekki hefur gefið nægjanlega góða raun.

F.h. Ákærndafélags Íslands

Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Hjálagt: Athugasemdir Boga Nilssonar frá 28.07.2006

Póstfang:

Ákærndafélag Íslands
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík

Sími:

896 4185

Netfang:

hmg@rls.is

Kennitala:

701107-0550

Um drög að frumvarpi til laga um nálgunarban.

1. Inngangur

Áður en ákvæði um nálgunarban voru tekin upp í lög um meðferð opinberra mála á árinu 2000 höfðu nokkrar nefndir fjallað um nálgunarban einkum í tengslum við umfjöllun um heimilisofbeldi. Nefndargögn sýna að horft hafði verið til löggjafar í Svíþjóð um þetta efni svo og til löggjafar í Noregi. Í Danmörku er enn í gildi gamla reglan um aðvörun lögreglu, 265. gr. hegningarlagna, sbr. 1. mgr. 232. gr. hegningarlaga okkar eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku ákvæða um nálgunarban.

Í Svíþjóð gilda um nálgunarban sérlög, lag om besöksförbud SFS nr. 1988:688, sbr. Förordning om tillämpning av lagen (1988:688) om besöksförbud SFS nr. 1988:691.

Í Noregi er ákvæðum um nálgunarban skipað í Straffeprosessloven, Kap. 17a.

2. Sérlög eða kafli/ákvæði í réttarfarslögum?

Ég tel að það skipti ekki höfuðmáli hvar þessum ákvæðum er skipað í löggjöfni. Reynslan sýnir að nálgunarban tengist gjarnan ákveðnum brotum sem þegar eru til meðferðar og brotin benda einmitt til þess að hætta sé á að viðkomandi muni fremja nýtt brot. Úrræðið er að þessu leyti skylt gæsluvarðhaldi sem grundvallast á hinu sérstaka skilyrði c. liðar 1. mgr. 103. laga um meðferð opinberra mála.

3. Efnisatriði frumvarpsdraganna og gildandi ákvæða.

a. Hver skal ákveða nálgunarban?

Ástæða er til að spyrja hvers vegna farin var allt önnur leið hér á landi að þessu leyti heldur en farin hafði verið bæði í Svíþjóð og Noregi? Í nefndum löndum er það ákærvaldið/ákærandi sem ákveður og mælir fyrir um nálgunarban á fyrsta stigi.

Í Svíþjóð er ákvörðunin lögð fyrir dómstól ef sá sem sætir nálgunarbanni eða sá sem það á að verja óskar þess.

Í Noregi er ákvörðunin ávallt lögð fyrir dómstól [eftirá] að jafnaði innan fimm daga.

Ég tel að fyrirkomulagið í Svíþjóð og Noregi sé mun einfaldara heldur en okkar og afar líklegt, nánast víst, þótt ég hafi ekki kannað það sérstaklega, miklu skilvirkara en okkar.

Ég tel því einsýnt að við eigum að fara þá leið að ákærandi/ákærvaldið leggi nálgunarban á og að slíka ákvörðun beri að leggja fyrir dómstól til endurskoðunar innan tiltekins tíma.

b. Hver skal gera kröfu um nálgunarban?

Ef ákvæði um hver ákveða skuli nálgunarban verða óbreytt, þótt rök standi til annars að mínum dómi, er ástæða til að athuga hver setja skuli fram kröfu um nálgunarban. Tel ég að það eigi að gera ákærandi/ákærvaldið, þ.e. sá starfsmaður lögreglustjóra sem sinnir málum fyrir dómstólum. Tel ég ekki ástæðu til að rökstyðja þetta mörgum orðum. Lögreglustjórar eru ákærendur og þegar þeir leggja mál fyrir dóm eru þeir í

því hlutverki. Lögreglustjórar hafa sér til aðstoðar löglærða starfsmenn sem sérstaklega sinna málum sem lögð eru fyrir dómstóla með kröfugerðum etc. starfsmenn sem ég vil líka nefna ákærendur eins og lögreglustjórana sjálfa. Eftirlit með því hvort og hvernig lögreglustjórar nýta þetta úrræði verður þá innan ákærvaldsins og tel ég það eðlilegt.

4. Nýmæli? - brottvísun af eigin heimili.

A.m.k. á tveimur þingum hafa verið lögð fram frumvörp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum sem varða þetta efni, þ.e. 10. mál 2003 og 53. mál 2006. Þar hefur m.a. verið gerð tillaga um ákvæði um brottvísun af eigin heimili og sérstaklega mun hafa verið vísað til löggjafar í Austurríki í því sambandi en einnig löggjafar í Svíþjóð og Noregi.

Frumvarp til sérstakra laga um nálgunarbann er líklegt til að vekja umræðu um fyrri tillögur um brottvísun af eigin heimili og því kann að vera ástæða til að fram komi í greinargerð að ekki þyki efni til að setja slík ákvæði ef sú er raunin að mati dómsmálaráðherra (réttarfarsnefndar).

28. júlí 2006

Bogi Nilsson